MIÐFLOKKURINN

Bæjarráð Kópavogs

10. nóvember 2026

Tillaga um endurskoðun fastrar yfirvinnu á skrifstofum

Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra aðleiða vinnu við endurskoðun allra samninga um fasta yfirvinnu á skrifstofum bæjarins og fagsviða. Eftirleiðis verði greitt fyrir yfirvinnu sem er unnin samkvæmt tímaskráningu og hver deild vinni innan yfirvinnuramma sem bæjarráð samþykkir. Einungis störf þar sem föst yfirvinna er sannarlega talin nauðsyn haldi fastri yfirvinnu sem undantekning frá reglunni.

Niðurstaða vinnunnar ætti að leiða til þess að yfirvinnurammi skrifstofanna fyrir árið 2027 verði fjórðungi lægri en sú yfirvinna sem áætluð er í frumvarpi að fjárhagsáætlun 2027. Tillaga að ramma hverrar deildar verði lögð fyrir bæjarráð fyrir seinni umræðu um fjárhagsáætlun.

Greinargerð

Í frumvarpi að fjárhagsáætlun 2027 er gert ráð fyrir 737 m.kr. í yfirvinnu á skrifstofum bæjarins og fagsviða. Þar eru 160 stöðugildi samkvæmt stöðugildayfirliti bæjarins, yfirvinnan nemur því 4,6 m.kr. á hvert stöðugildi á ári eða um 383 þús. kr. á mánuði.

Yfirvinnan er 29% af heildarlaunum á skrifstofunum, án launatengdra gjalda, og 31–34% í flestum skrifstofudeildum. Hjá bænum í heild er hlutfallið 9% og í leikskólum 4%.

Föst yfirvinna er ekki ákveðin í kjarasamningum heldur samin við hvern starfsmann. Henni má segja upp með samningsbundnum fyrirvara án þess að segja upp starfinu. Landspítalinn sagði upp fastri yfirvinnu 319 starfsmanna árið 2020 með þriggja mánaða fyrirvara, og Hæstiréttur sýknaði ríkið af kröfum stéttarfélaga í dómi 18. september 2024.

Með því að meta hvern samning, greiða fyrir yfirvinnu sem er unnin og setja hverri deild ramma er hægt að lækka kostnaðinn án þess að skerða laun allra jafnt.

Fjárhagsleg áhrif

	m.kr.
Á ári þegar breytingin er komin fram	180–220
Árið 2027, vegna uppsagnarfrests	135–165

Fjárhæðirnar eru með launatengdum gjöldum.

Einar Jóhannes Guðnason
Bæjarfulltrúi Miðflokksins

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026